

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. mars 1999 og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl 1999.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar er kr. 4.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.

1. gr.

Við VII. viðauka bætist nýr tölul. er verður 5. tölul., svohljóðandi:

5. Skoðunarmenn sem ekki fullnægja viðmiðununum hér að framan geta einnig öðlast viðurkenningu ef þeir störfuðu við hafnarríkiseftirlit hjá Siglingastofnun Íslands fyrir 30. janúar 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 96/40/EB frá 25. júní 1996 um kennivottorð fyrir skoðunarmenn sem annast hafnarríkiseftirlit staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.